



Barnaskólinn á
Eyrarbakka og Stokkseyri

Valgreinalýsingar fyrir unglingastig Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri 2020-2021

8. – 10. bekkur

Um valgreinarnar

Í ár er boðið upp á fjölbreytt val eins og fyrri ár. Nemendur skipta um áfanga í vali í janúar. Nemendur eiga að velja sér fimm áfanga, fyrst þann áfanga sem þeir vilja helst stunda og svo koll af kolli. Ekki er víst að þátttaka verði næg í einstaka valgreinar, þær greinar sem ekki ná nægri þátttöku verða þ.a.l. ekki kenndar.

Hljómsveitarval

Miðvikudagar - Ragna

Markmið:

- Nemendur læri undirstöðuatriði rafræns samspils og hvernig hægt er að setja saman hljómsveit
- Að nemendur geti leikið saman á hljóðfæri sér til skemmtunar
- Að nemendur geti leikið tónlist í og með leikrænum uppsetningum

Kennsla:

Nemendur æfa saman einu sinni í viku en þurfa að sinna heimanámi í formi æfinga.

Námsmat:

Nemendur standast áfangan með umsögn frá kennara út frá áhuga og virkni.

Fablab - Selfossi

Mánudagar - Sigurpór

Markmið:

- Nemendur læri undirstöðuatriði nýsköpunar
- Nemendur læri á forrit og tæki sem tengjast þrívíddarprentun
- Nemendur læri á forrit og tæki sem tengjast laser/vínill skera
- Nemendur hanni sjálf eitthvað sem þau svo búa til með þeim tækjum

Lýsing:

Farið verður 5 sinnum í FabLab í FSU á Selfossi til að læra á tækin þar. Þess á milli hittumst við nokkrum sinnum til að læra betur á forritin sem notast er við þar. Suma mánudaga er frí vegna þess að við erum lengur í FabLab en 80 mín þegar við erum þar.

Námsmat:

Nemendur metnir út frá virkni, afurðum (prentun/skurð) og hönnun þeirra

Fjölmiðlaval - podcast

Miðvikudagar - Henný

Markmið:

Að nemendur

- Geti hlustað og tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar.

- Geti átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.
- Geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhæða og fas.
- geti sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun og samfélagsmiðla, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.

Kennsla

Nemendur læra inn á viðtalstækni og fá innsýn inn í heim fjölmiðla. Verkefni tengd viðtölum, upplýsingaöflun, og podcastupptökum..

Námsgögn:

Gögn frá kennara, efni af veraldarvef ásamt hugmyndum frá nemendum sjálfum.

Námsmat:

Verkefnaskil - Áhugi – frumkvæði – hlustun – samvinna – samskipti - heimildaöflun - tækniþekking

Heimanámsaðstoð

Mánudagar - Halldóra

Markmið:

- Nemendur geti nýtt aðstoð og leiðbeiningar frá kennara við úrvinnslu námsefnis, tvær kennslustundir á viku.

Námsmat:

Nemendur fá skráða ástundun fyrir tímana frá kennara inni á mentor.is út frá áhuga, virkni og ástundun.

Handverk og hönnun

Mánudagar og miðvikudagar - Berglind

Markmið:

- Að nemendur öðlist dýpri skilning á hönnun
- Að nemendur vinni hluti eftir eigin hönnun .

Lýsing: Nemendur hanna einhvern hlut í samráði við kennara og hrinda hugmynd í framkvæmd. Nemendur skoða hönnun í allskyns formi, ræðum tilgang hluta, fagurfræði og efnivið. Hentar bæði stelpum og stráku.

Námsmat: Hver nemandi gerir verkefnaöppu, námsmat er byggt á henni ásamt mati (eigin, kennara- og jafningjamati) á frammistöðu. Kennari leggur áherslu á umgengni á vinnustofu, hugmyndir, uppbyggilega samræðu og verklag.

Matreiðslu- og bakstursval

Miðvikudagar - Erla

Markmið:

Að nemendur

- auki áhuga á matargerð.
- auki færni sína og kunnáttu um íslenska og erlenda matargerð og bakstur
- dýpki skilning sinn á hvað heilbrigðar lífsvenjur eru
- upplifi gleði og kostina við að búa til eigin mat.

Kennsla: Matreiðsu- og bakstursval skólaárið 2020-2021 verður „bland í poka“. Vinna hvers námshóps verður skipulögð sem blanda af matargerð og bakstri á bæði íslenskum og erlendum réttum þar sem komið verður inn á menningu, siði, árstíðaskipti, sjálfbærni, heilsu og fleira. Nemendurnir fá möguleika á að koma með hugmyndir og óskir og búa til eigin uppskriftabók eða möppu. Kennslan verður skipulögð eftir áhuga, hæfni og iðni hvers hóps.

Námsgögn: Ýmis gögn frá kennara, efni af veraldarvef ásamt efni frá nemendum sjálfum.

Námsmat: Eftirfarandi þættir námsins verða metnir til einkunnar: Áhugi – frumkvæði – fylgir leiðbeiningum – framkvæmd – umgengni – hegðun.

Myndmennt

Mánudagar og miðvikudagar - Hjördís

Markmið:

- Unnin verða fjölbreytt verkefni með áherslu á grunnatriði myndlistar svo sem myndbyggingu, fjarvídd, litafræði ljós og skugga.
- Unnið verður m.a. með teikningu og notuð hin ýmsu áhöld s.s kol, blý og blek og fleira einnig munum við vinna með vatnsliti, tréliti, olíukrít, þurrkrít, grafíkliti og akrílliti.
- Helstu stefnur og straumar innan listasögunnar verða kynntar fyrir nemendum og unnin verkefni tengd þeim.

Námsmat: Virkni í tíma - skil á ferðadagbók

Skólahreysti

Miðvikudagar - Óttar

Markmið:

Í þessari valgrein verður farið í að skoða skólahreysti sem íþrótt og farið yfir ýmsar þrautir sem hreystið gengur út á. Skólahreysti er vettvangur pilta og stúlkna þar sem framtak einstaklingsins og samheldni liðsheildar skilar árangri í heilbrigðri íþrótt byggðri á gildum almennar íþróttakennslu.

Tekist verður á við einfaldar og skemmtilegar æfingar, þrautir og leiki sem efla hreysti unglinganna. Tímataka verður framkvæmd á uppsettri braut kennarans sem líkjast á hinni almennu braut skólahreystis

Kennsla: Kennsla verður verkleg og fer fram í íþróttahúsinu. Við munum fara stuttlega í markmiðasetningu, að beita líkamanum rétt og hvað það er að vera í og skapa góða liðsheild.
Námsgögn: Íþróttaföt eða þægileg föt

Námsmat: Áhugi og virkni í tímum.

Námsmat: Ekkert lokapróf verður en metin er þátttaka í tíma og í verkefnum annarinnar.

Textíll

Mánudagar - Erla

Markmið:

Markmið áfangans er að nemendur kynnist textílheiminum betur og þeim möguleikum sem hann býður upp á og öðlist með því dýpri skilning á greininni. Nemendur kynnast einnig sjálfbærni, endurnýtingu og endurhönnun. Í áfanganum fá nemendur frelsi til að vera skapandi og stuðning til að vinna að textílverkefnum innan þeirra áhugasviðs, með það að markmiði að nemendur auki getu sína og sjálfstæði í vinnu.

Kennsla:

Nemendur velja verkefni sjálfir með aðstoð frá kennara og læra að skipuleggja eigin vinnuferli út frá hugmyndavinnu, umræðu og stöðugu mati á eigin vinnu.

Námsgögn:

Ýmis gögn frá kennara, efni á veraldarvef ásamt efni frá nemendunum sjálfum.

Námsmat:

Námsmat byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, umgengni og hegðun.

Útivist

Mánudagar - Óttar

ATH- Valið fer að mestu fram utan skólatíma

Markmið: Markmið valsins er að geta kynnst þeim afþreyingum sem okkur standa til boða við íslenskar aðstæður. Hvernig skal útbúa sig fyrir slíkar ferðar og hvar er hægt að nálgast ítarlegri upplýsingar fyrir útivistina.

Lýsing: Í þessum áfanga verður boðið upp á ýmsa hreyfingu utanhúss þar sem farið verður yfir ýmsa afþreyingu sem er í boði eða hægt að taka upp á í okkar nærumhverfi.

Dæmi um hreyfingu sem farið verður: hjólreiðatúr, Frisbígolf, fjallganga og veiðiferð.

Leiklist – Leikhópurinn LOPI

- Ath! Leikhópurinn starfar að mestu utan skólatíma - **AUKAVAL**

Markmið:

- Að nemendur þroskist í félagsfærni í gegnum leiklist
- Að nemendur öðlist sjálfstraust og þjálfist í tjáningu
- Að nemendur upplifi og skilji gleðina sem fólgin er í að vinna að og setja upp leikverk

Kennsla: Nemendur hittast í nokkur skipti á haustönn þar sem unnið verður að undirbúningi. Í aðdragandi leiksýningar hefjast markvissar æfingar. Æfingar verða að mestu utan skólatíma.

Kennslugögn: Handrit frá leikstjóra ofl.

Námsmat: Umsögn frá leikstjóra þar sem tillit er tekið til þátt eins og vinna, ástundun, virkni, vinnugleði og fleira.

Valblað 2020-2021

Nafn og bekkur: _____

Valáfangar í BES (8. – 10. bekkur)

Veldu þá áfanga sem þig langar mest í með tölustöfum, settu tölur (frá 1-5) fyrir framan þá áfanga sem þú ert mest hrifin(n) af. Talan 1 þýðir þitt fyrsta val og svo framvegis.

_____ Matreiðslu- og baksturval

_____ Myndmennt

_____ Heimanámsaðstoð

_____ Textíll

_____ Handverk og hönnun

_____ Útivist

_____ FABLAB

_____ Hljómsveitarval

_____ Skólahreysti

_____ Fjölmíðlaval (Podcast)

Val utan töflu

_____ Íþróttir. Hvaða íþróttagrein æfir þú, hversu oft og hvar:

_____ Leiklist. Vilt þú vera með í leikhópnum LOPA í vetur? Merktu þá við hér.

_____ Tónlist. Hvaða hljóðfæri lærir þú á og hvar: _____

_____ Annað. Hvað: _____